

Mál nr. 420/2021**M og
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Slyshugtak vátryggingaréttar. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 16. nóvember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 3. janúar 2022.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. janúar 2022.

Læknisvottorð dags. 3. desember 2020, sent að beiðni nefndarinnar, dags. 7. febrúar 2022.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er tjonstilkynning M, dags. 26. október 2020, til V þar sem hann gerir kröfu um bætur vegna frítímaslyss. Kemur þar fram að hann hafi snúið sig á hægra hné þegar honum skrikaði fótur. Í kjölfarið hafi hann verið sendur í ómun á hné og niðurstaðan hafi verið sú að töluverðar segulskinsbreytingar væru í mediala meniskum og sterkur grunur um rifu sem gangi niður á tibia yfirborðið bæði í corpus hlutanum og afturhorninu. Tjónsdagur er ranglega tilgreindur sem 15. september 2020, en samkvæmt síðar fram komnum upplýsingum frá M mun tjónsdagur hafa verið 5. þess mánaðar og er ekki uppi ágreiningur um þá dagsetningu. V hafnaði kröfu M, með bréfi dags. 10. desember 2020, á þeim forsendum að ekki yrði séð að umrætt tjónsatvik félli undir skilgreiningu viðeigandi vátryggingarskilmála á slyshugtakinu enda væri hvergi minnst á slysi í framlögðum læknagögnum. M vísar til þess fyrir nefndinni að fyrir umrætt atvik hafi hann ekki haft einkenni frá hægra hné. Hann hafi slasað sig á hnjám á árinu 1996, en jafnað sig á nokkrum mánuðum. Afleiðingar atviksins hinn 5. september 2020 hái honum hins vegar nokkuð, þrátt fyrir að hann hafi gengist undir aðgerð á liðþófa í kjölfar þess. Þá sé ljóst af tjonstilkynningu hans að um óhapp hafi verið að ræða en hvorki álagsmeiðsl né eðlilegt slit. Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í fyrirbyggjandi læknisvottorði sé hvergi að finna lýsingu á áverka eða sértæku atviki og verði því að telja að um álagsmeiðsl hafi verið að ræða. Álagsmeiðsl og meiðsl sem eigi sér stað innan líkama vátryggðs séu almennt ekki talin vera slysi í skilningi slyshugtaksins. Þar sem ekki hafi verið um skyndilegan, utanaðkomandi atburð að ræða, svo sem áskilið sé í skilmálum sé kröfu V hafnað.

Álit.

Í þágildandi skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V segir, í gr. 26.2 um slysatryggingu í frítíma, að með orðinu „slysi“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Af 26.2 gr. sömu skilmála leiðir þó að við meiðsl á útlimum, eins og á við í tilvikum M, þarf skilyrðið um „utanaðkomandi“ atburð ekki að vera uppfyllt. Það hvílir þó eftir sem áður á M að sýna fram á að meiðsl hans sé að rekja til sértæks, skyndilegs atburðar. Í fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 3. desember 2020, kemur m.a. fram sú lýsing, sem virðist höfð eftir M við komu til læknis hinn 11. september 2020, að hné hans hafi farið að bólgnu fyrir nokkrum dögum, en ekki er minnst á neitt sérstakt atvik í því samhengi. Í þeim samskiptum M við lækna sem rakin eru í umræddu vottorði er raunar hvergi að finna lýsingu á sérgreindu atviki sem leitt hafi til einkenna hans, heldur er í því að finna lýsingu á áverkum sem hann hlaut á árinu 1996. Þrátt fyrir að í niðurlagi vottorðsins komi fram að um liðþófaáverka sé að ræða verður því ekki slegið föstu á grundvelli þess að um atvik sem falli undir slyshugtak umræddra skilmála hafi átt sér stað hinn 5. september 2020. Hefur M því ekki tekist að sýna fram á bótarétt samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15 febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir